

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 5 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. september 1973 taka gildi viðauki og breytingar nr. 5 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum er ekki innifalin 10.6% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

Nr. 249.

7. ágúst 1973.

AUGLÝSING

um breytingu við Lyfjaverðskrá I nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Ný vinnugjaldskrá nr. 1 a tekur gildi frá og með 26. ágúst 1973. Jafnframt er úr gildi felld vinnugjaldskrá nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 250.

8. ágúst 1973.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Umferðarljós verða á gatnamótum Glerárgötu og Strandgötu.
2. Umferðarljós verða á gatnamótum Skipagötu og Kaupvangsstrætis.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar í Kaupvangsstræti og hafa stöðumælar, er þar voru staðsettir, verið fjarlægðir.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 8. ágúst 1973.

Ófeigur Eiríksson.